



Umsögn

Efni: Styrkumsóknir til hverfisráða vegna ársins 2018
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Erindi:

Fjármálaskrifstofa hefur fengið styrkumsóknir til hverfisráða vegna ársins 2018 til yfirferðar, sbr. bréf mannréttindastjóra til borgarráðs dags. 14. janúar 2019. Í bréfi mannréttindastjóra er að finna lista yfir þær styrkbeiðnir sem borist hafa og eru óafgreiddar og koma allar í gegnum þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Óskirnar eru eftirfarandi:

Styrkbeiðni frá	Vegna	(Áætl.) Fjárhæð
Íbúasamtök Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss	Reksturs	80.000
Íbúasamtök Grafarholts	Reksturs	300.000
Íbúasamtök Úlfarsárdals	Reksturs	80.000
Íbúasamtök Grafarholts	Þrettándabrennu	250.000
Íþróttafélagið Fylkir	Þrettándabrennu	150.000
		<u>860.000</u>

Umfjöllun:

Á árinu 2018 hafa verið gjaldfærðar kr. 1.220.000 sem styrkir á hverfisráð Reykjavíkurborgar, en þau voru lögð niður um mitt ár 2018. Til samanburðar voru gjaldfærðir styrkir á vegum hverfisráða kr. 5.275.000 á árinu 2017 og kr. 3.020.000 árið 2016. Styrkir hverfisráða hafa farið til íbúasamtaka, foreldrafélaga og ýmissa sértækra verkefna annað hvort á vegum einkaaðila eða stofnana á vegum borgarinnar. Samtals voru 10 styrkir gjaldfærðir á árinu 2018 og voru þeir eftirfarandi:

Hverfisráð	Vegna	Fjárhæð
Hverfisráð Grafarvogs	Millifærður styrkur vegna Barnþings í Grafarvogi haldið í apríl	100.000
Hverfisráð Grafarvogs	Styrkur Hverfisráðs Grafarvogs til GV-dag í júní	150.000
Hverfisráð Kjalarness	Styrkur Hverfisráðs Kjalarness til Leikskólans Berg	140.000
Hverfisráð Breiðholts	Styrkur frá Hverfissjóði - Tilsjón og Okkar mál - TOM	410.000
Hverfisráð Miðborgar	Skátafélagið Landnemar - efling hverfisauðs	50.000
Hverfisráð Hlíða	Skátafélagið Landnemar - efling hverfisauðs	50.000
Hverfisráð Miðborgar	Styrkur til Þjónustumst. Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða v. þrettándahátíðar 6.janúar 2019	90.000
Hverfisráð Hlíða	Styrkur til Þjónustumst. Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða v. þrettándahátíðar 6.janúar 2019	90.000
Hverfisráð Vesturbæjar	Styrkur til Þjónustumst. Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða v. þrettándahátíðar 6.janúar 2019	90.000
Hverfisráð Háaleitis	Samningur vegna Sumardagsins fyrsta	50.000
		<u>1.220.000</u>

Gjaldfærðir styrkir skipast með eftirfarandi hætti á milli hverfisráða:

Kostn.st	Hverfisráð	Fjárhæð
R1010	Hverfisráð Miðborgar	140.000
R1012	Hverfisráð Hlíða	140.000
R2012	Hverfisráð Háaleitis	50.000
R3010	Hverfisráð Breiðholts	410.000
R4010	Hverfisráð Vesturbæjar	90.000
R5010	Hverfisráð Grafarvogs	250.000
R5012	Hverfisráð Kjalarness	140.000
R6010	Hverfisráð Árbæjar	0
R6012	Hverfisráð Grafarholts	0
		<u>1.220.000</u>

Á síðustu árum hefur Reykjavíkurborg lagt áherslu á að koma upp gagnsæjum reglum um styrkumsóknir og styrkveitingar á vegum ráða og nefnda. Meginreglan er að styrkúthlutunar séu auglýstar árlega og áhersla lögð á að þær fari í skipulegt ferli, með kröfum um upplýsingagjöf eftir eðli og umfangi og undirritun samnings eftir atvikum. Í Styrkjahandbók Reykjavíkurborgar, útgefin með breytingum í maí 2017¹ er í kafla 3 fjallað um hlutverk borgarráðs, skrifstofu borgarstjórnar, fjármálaskrifstofu, fagráða og fagsviða við meðferð og afgreiðslu styrkumsókna, en þar er m.a. almennt er gert ráð fyrir að styrkir séu lausir til umsókna og afgreiddir einu sinni á ári. Í reglum segir:

Skrifstofa borgarstjórnar ber stjórnarsýslulega ábyrgð á umsjón styrkjamála og eftirfylgni þeirra reglna sem borgarráð samþykkir og í hverju verkefni sé farið að stefnu borgarinnar, m.a. í mannréttinda- og umhverfismálum. Skrifstofa borgarstjórnar ber ábyrgð á sameiginlegri auglýsingu um styrki borgarinnar. Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert. [...] Umsóknarfrestur er til 1. október ár hvert. [...]

Fagrád skipa úthlutunarnefndir og bera ábyrgð á starfi þeirra. [...] Úthlutunarnefndir sjá um að útbúa yfirlit yfir umsóknir og gera tillögu til ráðs og/eða sviðstjóra á grundvelli styrkjareglna Reykjavíkurborgar, reglna fagráðs og stefnumörkunar Reykjavíkurborgar.

Fagsviðin bera stjórnarsýslulega ábyrgð á meðferð og afgreiðslu styrkumsókna sem berast hlutaðeigandi fagráði. Í því felst m.a. undirbúningur framlagningar fyrir fundi fagráðs og úthlutunarnefnda, tilkynning til styrkumsækjenda um afgreiðslu umsóknar, opinber tilkynning t.d. með fréttatilkynningu og á heimasíðu Reykjavíkurborgar og varðveisla frumrits umsóknar. Þá skal borgarráði sent yfirlit yfir veitta styrki málaflokksins, að lokinni úthlutun. Fagsviðin skulu taka saman í lok hvers styrkjarímabils yfirlit yfir hvernig og hvenær greiðslur styrkja fóru fram og hvernig skil voru á áfangaskýrslum og lokaskýrslum frá styrkþegum og leggja fyrir fagrád.

Í 4. kafla styrkjahandbókarinnar er fjallað um meðferð umsókna. Þar segir m.a.:

Við mat á umsóknum skal fylgja styrkjareglum Reykjavíkurborgar og stefnumörkun.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð;
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf;
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins;
- hvort skilgreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur;
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn.

¹ https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/fms-ste-013_styrkjahandbok.pdf

g) því hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá skrifstofum fagsviða.

Fagráð samþykkja samstarfssamninga og þjónustusamninga á grundvelli fyrirbyggjandi kostnaðarmats enda séu þeir innan fjárheimilda. Ef samningur er til lengri tíma en fjárhagsársins þarf bæði samþykki fagráðs og borgarráðs og skulu óundirrituð drög af samningum kynnt fagráðum, sbr. 12.gr. reglna um styrki.

Ljúka skal afgreiðslu styrkja, þjónustu- og samstarfssamninga fyrir 1. janúar ár hvert.

Þess skal getið að gert ráð fyrir að sú meðhöndlun sem hér er fjallað um varðar styrki næsta fjárhagsárs.

Við rýningu á þeim umsóknum sem eru hér til meðhöndlunar er ekki hægt að sjá að þær uppfylli þær reglur sem settar hafa verið um styrkveitingar Reykjavíkurborgar enda ekki farið í það ferli sem hefðbundið er gerð krafa um. Þar af leiðandi eru litlar forsendur til þess að meta þær með formlegum hætti. Þess ber að geta að við skoðun á þeim verkefnum sem hverfisráð hafa styrkt á árunum 2016 og 2017, hafa sem dæmi íbúasamtök fengið rekstrarstyrki og þrettándahátíðir fengið styrki t.d. til kaupa á flugeldum. Ljóst er að öll hverfisráðin veittu styrki á bilinu kr. 50.000 til 410.000 á árinu 2018 utan þeirra hverfisráða sem hér um ræðir. Engir rekstrarstyrkir hafa verið greiddir út, en þrjú hverfi Reykjavíkur nutu styrkja vegna þrettándagleði sem fram fór í janúar sl.

Ábendingar:

- Mikilvægt er að setja reglur um styrkveitingar hverfisráða og tryggja að meðhöndlun þeirra verði með sama hætti og aðrar styrkveitingar á vegum Reykjavíkurborgar.
- Fjárhagsrammi styrkveitinga á vegum hverfisráða, verði stofnað til þeirra að nýju, þarf að vera skýr og gæta þarf jafnræðis um styrkveitingar á milli hverfa.
- Á árinu 2018 veittu öll hverfisráð Reykjavíkur styrki á árinu ef frá eru talin hverfisráð Árbæjar og hverfisráð Grafarholts sem eru í umsjón þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Ljóst er að til þess að gæta jafnræðis á milli hverfa væri ekki óeðlilegt að samþykkja styrkveitingu að fjárhæð kr. 90.000 til annars vegar íbúasamtaka Grafarholts og hins vegar Íþróttafélagsins Fylkis vegna þrettándabrennu.
- Engir styrkir hafa verið veittir til reksturs íbúasamtaka á árinu. Mikilvægt er að gæta jafnræðis við styrkveitingar til íbúasamtaka og gera kröfur um skil á ársreikningum samtakanna og öðrum gögnum sem skila ber. Ekki er lagt til að rekstrarstyrkir verði veittir vegna ársins 2018 að svo stöddu.



Halldóra Káradóttir,
f.h. fjármálastjóra